

Sjómenn

Aðalfundur Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur 2018 verður haldinn miðvikudaginn 28. desember kl. 18.00 á Sjómannastofunni Vör. Kvöldverður og léttar veitingar verða í boði félagsins að fundi loknum. Að gefnu tilefni er öll áfengisneysla bönnuð á meðan á fundi stendur.



Dagskrá fundar.

1. Fundur settur
2. kosning fundarstjóra.
3. Skýrsla Stjórnar
4. Ársreikningar.
5. Stjórnarkjör
6. Lagabreytingar
7. Önnur mál

Jólaball

Sjómanna og Vélstjórafélag Grindavíkur ásamt Verkalýðsfélagi Grindavíkur og Grindavíkurbæ verður með hið árlega jólaball í Gjanni nýrri aðstöðu íþróttamannvirkja við Austurveg miðvikudaginn 27. desember milli kl 16:00 - 18:00.

Hin eina sanna jólarödd, Helga Möller heldur uppi fjörinu með söng og leikjum jólasveinar koma og syngja og dansa í kringum jólatréð með krökkunum.

Allir krakkar fá nammi og gos frá jólasveininum.

Heitt á könnunni og skúffukökur í umsjón Kvenfélags Grindavíkur.

FRÉTTABRÉF

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur



1. tölublað 6. árgangur - Desember 2018



Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, á leið með kirkkassa félagsins til talningar, meðan á verkfalli sjómanna stóð á síðasta ári. mbl.is/Eggert

Kæru félagsmenn, sjaldan er ein báran stök, við samþykktum í desember 2017 í allsherjaratkvæðagreiðslu úrsögn úr SSÍ og ASÍ um síðustu áramót, tilveran utan þessara sambanda er ágæt og félagið eflist með hverjum degi. Stjórn félagsins er að meta áhrifin og möguleika félagsins til framtíðar. Ég vil skora á félagsmenn að fjölmenna á komandi aðalfund nú milli jóla og nýárs og taka umræðuna um stöðu sjómanna og komandi kjaraviðræður.

Ég óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi nýju ári.
Einar Hannes Harðarson formaður SVG.

Sjómennt fyrir sjómenn ? 60% eru fyrir utan menntasjóð sjómanna!

Við síðustu áramót var félagsmönnum SVG ýtt fyrirvaralaust út úr menntasjóði sjómanna „Sjómennt“. Gripið var til varna en allt kom fyrir ekki, félagið getur ekki nýtt endurgreiðslu úr sjóðnum fyrir sína félagsmenn. Talsverð vinna hefur átt sér stað við að koma þessum málum í rétt horf en þokast hægt. Þvergirðingsháttur ræður för, stjórn Sjómenntar og SSÍ eiga þar alla sök. Málið er á borði ráðherra málflokksins.

Stjórn SVG tók þá ákvörðun í ársbyrjun að fara í einu og öllu eftir úthlutunarreglum sem Sjómennt setur og greiða félagsmönnum fulla endurgreiðslu til menntastyrkja í samræmi við þeirra reglur.

Félagsmenn senda eftir sem áður sín gögn á skrifstofu félagsins.

Frekari upplýsingar á skrifstofu SVG í síma 426-8400 eða töluþótt svg@svg.is

Línuuppbót 2019

Félagsmenn SVG sem róa á línubátum með beitningavél á útilegu eru hvattir til þess að kanna sinn rétt á línuuppbót sem koma á til greiðslu þann 15.janúar 2019.

Ný málsgrein bætist við gr. 2.06: í síðustu kjarasamningum

Skipverji sem er á línubátum með beitningavél á útilegu sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern fækkaðan dag. Öskert línuuppbót skal vera kr. 50.000 og greiðist fyrir 15. janúar ár hvert miðað við úthald síðastliðins al-manaksárs. Skipverji sem hefur tekjur yfir kr. 50.000 á hvern úthaldsdag, á ekki rétt á þessari greiðslu. Hætti skipverji störfum hjá útgerð fyrir lok almanaksárs, skal hann fá línuuppbót greidda við lokauppgjör.

Ellilífeyrisréttindi – Samningur milli hjóna lífeyrismal.is

SVG hefur borist í gegnum tíðina, fyrirspurnir um skiftingu eða samning milli hjóna og þær reglur sem um slíkt gilda, rétt er að taka fram að skifting á einungis við um ellilífeyrisréttindi. Ganga þarf frá slíku samkomulagi fyrir 65 ára aldur.

Reglur Gildis eru ekki frábrugðnar öðrum sjóðum. Heimild til skiptingar ellilífeyrisréttinda milli hjóna er ákvæði í lögum. Skiptinginn er ekki á vegum sjóðsins heldur liggur hún hjá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Það þarf að gera um það samning og getur skiptinginn að náð til 50% lífeyrisréttinda þess sem fólk hefur áunnið sér á meðan sambúð eða hjónaband hefur varað. Skiptingin er gagnkvæm. Hægt er að gera slíka skiptingu aftur í tímann út frá fyrrgreindu ákvæði og eins til framtíðar. Það þarf að skila inn samningi um skiptingu, hjúskaparvottorði frá þjóðskrá og heilbrigðisvottorði hvors aðila fyrir sig. Trúnaðarlæknir fer svo yfir það að ekki séu skertar lífslíkur og staðfestir við sjóðinn/LL sem síðan gefur út heimild til skiptingar til allra sjóða er viðkomandi hjón hafa greitt til meðan á búskap þeirra hafur staðið.

Frá stjórn S.V.G

Stjórn SVG mun á komandi aðalfundi félagsins leggja fram tillögur að lagabreytingum, taka þær fyrst og fremst mið af úrsögn félagsins úr SSÍ og ASÍ er þar um að ræða orðalagsbreytingar og útfellingar á málsgreinum sem áttu við þegar að félagið var innan vébanda SSÍ og ASÍ.

Ítrekun frá stjórn Sjómanna og Vélstjórafélags Grindavíkur

Stjórn S.V.G. ítrekar við félagsmenn að skrifa ekki undir ráðningarsamninga nema með fyrirvara um að þeir standist gildandi kjarasamninga

25% afsláttur af sjófatnaði hjá 66 'N

Samkomulag er í gildi milli SVG og Sjóklæðagerðarinnar um 25 % afslátt til félagsmanna, á það við um allann vinnufatnað. Framvísa þarf félagsskírteini, sem hægt er að prenta út af síðu svg.is/orlofsvefur þar sem félagsmaður fer á „síðan mín“ og prentar út skírteini eða tekur mynd á símann

Skipsdagbók

Félagsmenn eru áminntir um að tikynna slys og önnur óhöpp til skipstjóra og sjá til þess að atvik verði færð í skipsdagbók. Það er á ábyrgð skipstjóra og útgerðar að tilkynna atvik til Tryggingastofnunar ríkisins.

Orlofssjóður

Einungis er hægt að bóka hús á orlofsvef félagsins ww.orlof.is/svg/. Af gefnu tilefni skal ítrekað við félagsmenn að þeir bóki og greiði sjálfir á orlofsvef félagsins. Hægt að nálgast kort í sundlaug Grindavíkur á skrifstofu félagsins. Unnið er að uppfærslu á „Frímann“ orlofsvef félagsins m.a verður þar að finna vefgátt með flestum þeim upplýsingum sem félagsmaður þarf að sækja frá félaginu, viðmótið verður lagað að öllum snjalltækjum

Ítrekun til félagsmanna; gæludýr eru bönnuð í orlofshúsum félagsins, ströng viðurlög eru í gildi. **Umgengni er innri maður - Göngum vel um orlofshús félagsins.**

Styrktar og Sjúkrasjóður

- Félagsmaður telst styrkhæfur eftir 6. mánaða iðgjaldagreiðslur, athugið að réttur flyst milli félaga, að öðru leyti gildir 1. árs regla.
- Reikningar sem eru eldri en 12 mánaða gamlir verða ekki greiddir.
- Ef félagsmaður er að fá greitt annarstaðar þá á sá aðili ekki rétt á sjúkra/dagpeningum.
- Félagsmaður skal skila löglegum reikningi með nafni sínu og kennitölu frá viðurkenndum þjónustuaðila
- Með löglegum reikningi er átt við að viðskiptin þurfa að vera við aðila sem selja þessa þjónustu og gefa út reikninga sem uppfylla öll skilyrði opinberra aðila.
- Reglur og lög sjóðsins hafa verið uppfærð á vef félagsins svg.is
- SVG beinir því til félagsmanna sinna að fylgjast vel með sínum launaseðlum** nokkuð hefur borið á því að félagsgjöld fari á flakk án vitundar félagsmanna þrátt fyrir undirritaðan ráðningarsamning þar sem tekið er fram hvert á að greiða felagsgjald.

Einnig eru félagsmenn hvattir til þess að skoða samræmi / ósamræmi milli tekjuliðs og gjaldaliðs á sínum uppgjörum. Bregðast þarf við brotum sem allra fyrst. „Tömlæti“ vinnur gegn okkur.

Sjómönnum er frjálst að velja sitt stéttarfélag enda félagafrelsi bundið í lög.